

## 4. fundur vinnuhóps um Atvinnumálastefnu Uppsveitanna haldinn í Aratungu 28.02 2023 kl. 16:30-18:30

Mættir voru: Þórður Freyr Sigurðsson sviðsstjóri Þróunarsviði SASS, Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi Uppsveita Arnessýslu og 6 fulltrúar sveitarfélaganna fjögurra

### **Bláskógabyggð**

Steindóra Þorleifsdóttir formaður atvinnu- og ferðamálanefndar  
(Sölvi Arnarson tilkynnti forföll)

### **Hrunamannahreppur**

Herbert Hauksson formaður atvinnu- og ferðamálanefndar  
Nina Faryna

### **Grímsnes- og Grafningshreppur**

Anna Katarzyna Woznicka formaður atvinnu- og menningarnefndar  
Anna María Daníelsdóttir

### **Skeiða- og Gnúpverjahreppur**

Bjarni Hlynur Ásbjörnsson

### **Dagskrá**

#### 1. **Staða verkefnisins.**

Á þessum fundi var farið í vinnu við aðgerðaáætlun í framhaldi af fyrirliggjandi áherslum og markmiðum. Komið er að því að leggja fram hugmyndir að aðgerðum, velja verkefni. Hvað á að gera, hver gerir og hvenær. Fölbreyttar umræður voru á fundinum og ýmsar hugmyndir ræddar. Úrvinnsla gagnanna og umræðurnar gátu af sér hugmyndir að ca. 14 aðgerðum.

#### 2. **Drög! að aðgerðum**

1. Stuðningur við frumkvöðla. Virkja stoðkerfið, hvatning
2. Aðstaða fyrir óstaðbundin störf, fjölga stöðum, kortleggja, kynna
3. Langtíma áætlanir um lóðaframboð og húsnæðisuppbyggingu, kynning á framboði
4. Auka framboð af fyrsta húsnæði fyrir þá sem vilja flytja á svæðið, húsnæði fyrir alla
5. Aðgengi að menntun, efla aðgengi að fjarnámi og íslenskukennslu á svæðinu
6. Móttaka nýrra íbúa/móttaka erlendra íbúa verði bætt, fræðsla og verkefni
7. Auka sýnileika og sölu matvæla úr heimabyggð, styðja við framþróun
8. Regluverk „beint frá býli“ einfalda, þrýsta á breytingar og hrinda hindrunum úr vegi
9. Vinnslueldhús á Sólheimum, virkja aðstöðuna
10. Auka dvalartíma ferðamanna, samstarf fyrirtækja
11. Langtímaáætlunir um þróun og skipulag. Með áherslu á uppbyggingu byggðakjarna en einnig búsetu til sveita.
12. Orkuöflun, tryggja framboð af orku, rafmagn, heitt og kalt vatn.  
Nýta betur inni á svæðinu, fyrirtæki sem þegar eru til staðar og nýsköpun.
13. Listir og menning nýtt í atvinnusköpun, viðburðir, aðstaða, verkefni
14. Ímynd. Efla jákvæða ímynd uppsveitanna í víðum skilningi

#### 3. **Umræður**

Einhverjar af þessum aðgerðum má flokka saman. Þetta þarf svo að vinna ítarlegar þ.e. nánar um aðgerðirnar/verkefnin og einnig hver á að framkvæma, fylgja eftir og tímasetningar.

Mælanleg markmið eins og hægt er. Styðja við ungt fólk og fyrirtæki. Sveitirnar vaxi, en ekki of hratt. Ekki leggja einungis áhersla á ferðaþjónustu. Ferðaþjónustan er mikilvæg aflar gjaldeyristekna og stuðlar að hagvexti. Ekki einungis láglaunastörf mikið af afleiddum störfum og matvælaframleiðslan tengist mjög.

Orkumálin, vantar orku, rætt um leiðir og möguleika. Nýta þarf orkuna á svæðinu. Jafna flutningskostnað. Styðja hagsmunabaráttu garðyrkjunnar um rafmagnsverð. Meta þarf mannaúðinn á svæðinu. Móttaka nýrra íbúa, finna störf við hæfi, fá menntun metna. Vinnuaðstaða fyrir óstaðbundin störf getur verið víða á svæðinu með sveigjanleika og samvinnu. Atvinnusvæði er að stækka og breytast, alls kyns vinnustöðvar og unnið að heiman.

Viðburðir fjölbreyttir á svæðinu. Nýta til að vekja athygli á sérstöðu, tengja menningu og listum. Endurskoða hlutverk bókasafna, getur verið vettvangur menningar, menntunar og viðburða. Koma upp aðstöðu fyrir fjölbreytta listsköpun á svæðinu. Efla tengsl við Listasafn Árnesinga.

Almenningssamgöngur afleitar. Innviðir þurfa að vera í lagi. Vegakerfi og þjónusta á vegum. Ímyndarsköpun, efla jákvæða ímynd svæðisins ! Kynning á aðstöðu og þjónustu fyrir íbúa og fyrirtæki.

#### **4. Næstu skref**

Fyrirliggjandi drög verða nú send til umfjöllunar til sveitarstjórna og atvinnumálanefnda sveitarfélaganna fjögurra og óskað eftir athugasemdum. Næsti fundur hópsins verður haldinn eftir páska 18.4. og þá í framhaldinu verður lögð lokahönd á verkefnið.

3.3. 2023

ÁÁ